

24/1 '1991

Fyrirtæki

Eyða trúnaðarskjölum í tættara

UM síðustu áramót tók til starfa fyrirtækið Gagnaeyðing í Reykjavík. Eigendurnir eru tveir, Sæmundur Hólm Sverrisson og Rúnar Már Sverrisson, og verður starfsemin fylgin í því að sjá um eyðingu trúnaðarskjala fyrir fyrirtæki og stofnanir með sérstökum tættara.


Að sögn Sæmundar er starfsemin stutt á veg komin og þessa dagana er verið að vinna að markaðssetningu fyrirtækisins. Hann sagði ennfremur að Gagnaeyðing væri líklega eina fyrirtækið sem sérhæfði sig í eyðileggingu skjala. „Hingað til hafa menn annað hvort farið með slík skjöl upp á hauga og látið urða þau þar eða keyrt með þau í brennslu í Sorpeyðingarstöð Suðurnesja,“ sagði Sæmundur. Þá eru ýmsar bankastofnanir og stærri fyrirtæki með aðstöðu til þess að eyða eigin skjölum.

Brennsluofninn hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja hefur ekki verið í gangi í hálfu aðra viku vegna viðgerða og að sögn Ólafs Finnssonar, starfsmanns hjá Sorpeyðingarstöðinni, er búist við að mánuður líði til viðbótar þar til ofninn kemst í

gagnid á ný.

Sæmundur hjá Gagnaeyðingu sagði að þeir hefðu hug á að endurvinnna pappírinn sem kemur úr tætt-

aranum, en þau mál eru enn á byrjunarstigi. Vélin sem fyrirtækið notar við að tæta skjölin afkastar um tveimur tonnum á klukkutíma.



Morgunblaðið

GAGNAEYÐING — Sæmundur Hólm Sverrisson og Rúnar Már Sverrisson eru eigendur Gagnaeyðingar sem tók til starfa í janúar-byrjun. Fyrirtækið mun sjá um að eyðileggja trúnaðarskjöl í sérstökum tættara.